

GJALDSKRÁ fyrir hreindýraveiðileyfi.

1. gr.

Gjald fyrir hreindýraveiðileyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir úthlutun hreindýraveiðileyfa.

Gjaldið skal vera:

	<i>Upphæð kr.</i>
a. Fyrir tarf á svæðum 1 til 9	180.000
b. Fyrir kúr á svæðum 1 til 9	103.000

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 309/2018 um hreindýraveiðileyfi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 7. febrúar 2023.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.